

f. á., birtir yður þetta, herra amtmaður, sjálfum yður til leið-
beiningar og til þess þér auglýsið það Ólafi bónda Guðmunds-
syni, skorar hún á yður að senda hingað skriflega skuldbindingu
hans um það, sem áður er á minnst; mun síðan hér verða
annast um, að vefstaðurinn verði sendur til Íslands á næstkom-
anda vori.

1860.

9. október.

56. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins 9. október.
yfir Íslandi, um styrk til Rosmhvalanes hrepps.

Í bænarskrá, er hingað barst með bréfi yðar, herra stipt-
amtmaður, 21. aprílm. þ. á., hefir sveitarstjórnin í Rosmhvala-
nes hrepp í Gullbringu sýslu sótt um, að hrepp þessum yrði
á ári hverju veittur 300 ríkisdala styrkur til uppeldis hinum
mörgu holdsveiku mönnum, sem eru þar í sveitinni. Þér hafið
vitnað, að satt væri það, sem í bænarskránni segir um ástandið
í Rosmhvalanes hrepp, og hversu mjög hreppurinn sè þurfandi
fyrir að fá nokkurn lætti í þyngslum þeim, er á honum hvíla;
en að því leyti stungið er upp á, að styrkur sá, sem um er
beðið, verði greiddur annaðhvort úr jafnaðarsjóði suðurumdæmis-
ins, er nú þegar í 3 ár að undanförunu hefir goldið sveit þess-
ari 80 ríkisdali á ári fyrir lyf handa hinum holdsveiku, eður
af þeim 4000 ríkisdölum, sem á ári hverju eru veittir til óvissra
gjalda fyrir Ísland, þá hafið þér látið í ljósi það álit yðar, að
styrkur þessi ekki verði tekinn af fè því, er nú var nefnt; þar
á móti hafið þér vakið máls á því, hvort ekki mætti hjálpa
sveitinni á þann hátt, að henni væru eptir látnir þeir spítala-
hlutir, sem á ári hverju fást þar í hrepp, en þeir hafa nú 5
árin síðustu verið 61 ríkisd. virði á ári að meðaltali, og mundu,
að yðar áliti, nema töluvert meiru ef þeir væru goldnir hreppn-
um í skileyri, en þá 80 ríkisdali á ári, sem hreppurinn nú
sem stendur fær úr jafnaðarsjóði suðurumdæmisins, skyldi hann
ekki fá meðan hann væri aðnjótandi spítalahlutanna.

Um þetta efni skal dómsmálastjórnin geta þess, að þareð
það kæmi í bága við konungsúrskurð 12. ágústm. 1848, sem